



Fréttabréf Garðasels

júní 2019



Sundnámskeið elstu barna



Dagana 3.-7. júní verður sundnámskeið í Jaðarsbakkalaug fyrir elstu börnin á Vík. Hópnum verður skipt í tvo hópa og fer fyrri hópurinn kl: 12.30 -13.15 og seinni hópurinn kl: 13.15-14.00

Þetta verða 5 sunddagar sem börnin fá og námskeiðið munu Breki Bergog Lára Dóra sjá um. Starfsfólk deildar mun fylgja hópnum og síðan verður Arnar Már starfsmaður á bakka til að aðstoða þá sem þurfa að fara inn í klefa. Sundnámskeiðið er hluti af áherslum leikskólans í hreyfingu.

Íþróttadagar

Dagana 3.-7. júní eru hinir árlegu íþróttadagar í Garðaseli og er tímasetning þeirra alla dagana kl: 9.00 -11.30. Viðfangsefni tengjast hreyfingu og íþróttum og verður fjölbreytning mikil (dans, keila, fótbolti, golf, þrautir, leikir....) í ár. Íþróttastjórar skipuleggja viðfangsefni dagana og verður því skipulagi komið til foreldra í tölvupósti og á heimasíðu skólans.



Fræðsla um gildi og mikilvægi hreyfingar barna og tækifærin sem umhverfið býður upp á verður sett upp í forstofum deilda, foreldrum og börnum til hvatnigar.



Leiksýningin Kárius og Baktus og grillhátíð í skógræktinni

Fimmtudaginn 6. júní kl: 16.00 verður leiksýning um þá bræður, Kárius og Baktus, í boði foreldrafélagsins og verður sýningin í skógræktinni þar sem einnig verður boðið upp á grillaðar pylsur og annað meðlæti. Fjölskyldur Garðaselsbarna eru velkomnar og

vonast er til að sem flestir eigi þess kost að mæta.

Sumarlokun er frá 8. júlí – 2. ágúst.

Opnað þriðjudaginn 6. ágúst



Sumarstarf deilda

Eftir íþróttavíkuna tekur við sumarstarfið. Sumarstarfið sem er alla morgna og tímasetning starfsins verður kl: 9.00 -11.30 / 12.00. Skipulag sumarstarfsins er í höndum hvernar deildar fyrir sig.

Einn hópur verður eftir í leikskólanum og þau börn, sem koma eftir kl: 9.00 og hafa misst af hópnum sínum, fara þá inn í þann hóp sem er heima.

Deildir munu auglýsa vel ef eitthvað sérstakt stendur til þannig að allir geti verið komnir fyrir brottfarartíma 😊



Aðlögun og tilfærsla á milli deilda næsta skólaár



Aðlögun yngstu barnanna verður í byrjun ágúst og þá um leið verður tilfærsla barna á milli deilda eða eftir sumarfrí.

Á næsta skólaári verður unnið árgangaskipt á Víkinni með 2014 og 2015 árgangana og þeir vinna eftir sameiginlegri námskrá og námsáætlunum. Sama á við á Holti en þar verða börnin sem hafa verið á Lóni í vetur (2016 -2017) . Á Lóni verða svo 18 börn fædd 2017 og 2018.

Búið er að setja upp tillögur fyrir deildir en með ákveðnum fyrirvara um það sem á eftir að leysa. Breytingar verða hinsvegar ekki miklar frá þessu skipulagi.

Lón = 18 börn (2017-2018)	Holt = 20 börn (2016-2017)	Vík = 39 börn (2014 -2015)
Ásta deildarstjóri, Guðríður, Guðbjörg G, Sonja og Sólveig Rún og María Björg	Hafrún deildarstjóri, Ragnheiður, Karen, Guðbjörg, Erna og Sigurást.	2014 : Lára Dóra árgangastjóri, Rúna og Freyja Hrönn sérstuðningur. 2015 : Íris Björg deildarstjóri, Heiða, Freyja Hrönn sérstuðningur – óráðið í 75 -80 % sérstuðning Addú fer á milli hópa, leysir undirbúning og frídaga

Breki Berg mun áfram sjá um hreyfingu og YAP ásamt því að sinna afleysingum og Kristín Releena verður í 40 -50 % afleysingu eins og staðan er núna.

Sumarafleysingar



Halla Guðrún Hallvarðsdóttir er komin í sumarafleysingar og þá verður Arnar Már Kárason aðstoðarmaður á Víkinni en hann kemur frá Vinnuskólanum. Við bjóðum þau velkomin.

Tilkynningar um fjarvistir barna

Gott væri að foreldrar létu vita ef börnin eru í fríi dag og dag þannig að ekki sé verið að bíða eftir þeim áður en haldið er af stað í vettvangsferðir eða annað skipulagt starf í júní.

Alltaf gott að vita um mætinguna 😊

